

Sp.

305. Tillaga til þingsályktunar

[232. mál]

um átak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega

Flm.: Gunnar G. Schram, Guðmundur J. Guðmundsson, Karvel Pálmason,
Pétur Sigurðsson, Stefán Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita eftir samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins um að hrinda af stað átaki til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

1. að leggja grundvöll að endurnýjuðum hagvexti og þar með stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum;
2. að skapa forsendur fyrir þjóðarsamstöðu um að auka það sem til skipta er í þjóðfélaginu og deila þeim ávinningi af réttisni;
3. að efna til þríhliða samvinnu ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda um að bæta efnahag þjóðarinnar og innleiða ný vinnubrögð í samskiptum aðila á vinnumarkaðnum;
4. að kynna þjóðinni grundvallaratriði framleiðnihugsunar og skapa skilning á nauðsyn aðlögunar að síbreytilegum samkeppnisaðstæðum fyrir íslenskt atvinnulíf.

Ríkisstjórnin skipi níu manna stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd þessa átaks. Verði hún skipuð þremur fulltrúum samtaka vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu VSÍ, þremur fulltrúum launþega samkvæmt tilnefningu ASÍ og þremur fulltrúum ríkisvaldsins sem forsætisráðherra skipar að höfðu samráði í ríkisstjórn. Sömu aðilar tilnefni jafnmarga varamenn. Forsætisráðherra skipi formann stjórnarnefndarinnar úr hópi nefndarmanna.

Enn fremur ályktar Alþingi að framleiðniáttak þetta verði unnið í tengslum við Iðntæknistofnun Íslands og jafnframt tengt öðrum tilraunastofnunum atvinnuveganna. Þá verði leitað aðstoðar annarra opinberra stofnana (rannsóknastofnana, skóla og fjölmiðla) eftir því sem verkefnið bjóða hverju sinni. Þjóðhagsstofnun verði falið að fylgjast með þróun framleiðni í atvinnuvegunum samhliða áttakinu.

Loks ályktar Alþingi að áttak þetta verði hafið á árinu 1985 og að eitt fyrsta verk stjórnarnefndar verði að skila ítarlegri tillögu til ríkisstjórnar um nánari tilhögun og framkvæmd málsins. Verði sú tillaga, ásamt greinargerð um ákvörðun ríkisstjórnar um framkvæmd málsins, lögð fyrir Alþingi við upphaf þings haustið 1985.

Greinargerð.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslensku efnahagslífi, er brýn nauðsyn á að koma að nýju á hagvexti. Verður að leita ýmissa leiða í því efni, m. a. með áframhaldandi uppbyggingu stóriðju og stuðningi við nýjar atvinnugreinar sem nú eru á tilraunastigi. Sá kostur, sem ef til vill er þó nærtækastur og gæti fyrst skilað árangri, er að auka framleiðni í starfandi fyrirtækjum og stuðla þannig að bættri samkeppnisstöðu og arðbærari rekstri fyrirtækjanna.

Þetta er, ef grannt er skoðað, eitt brýnasta verkefnið í íslensku atvinnulífi nú og undirstaða þess að hægt sé að bæta lífskjör í landinu, ef á heildina litið, og bæta úr þeim samdrætti sem orðið hefur á síðustu árum. Hér er lagt til að stjórnvöld hrindi af stað átaki í þessu efni í samvinnu við heildarsamtök vinnumarkaðarins.

Auk hins efnahagslega ávinnings, sem fengist af aukinni framleiðni, gæti átak í þessu efni orðið grundvöllur að bættum samskiptum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. Um nokkurt skeið hefur verið lýst eftir breyttum vinnubrögðum í þeim efnum og gætu nú verið aðstæður til að hefja samvinnu um það mál rétt eftir að nýlokið er í aðalatriðum samningum milli aðila vinnumarkaðarins til næsta árs.

Á það hefur margsinnis verið bent að framleiðni í íslensku atvinnulífi er fremur lág í samanburði við það sem annars staðar gerist og skal gerð nokkur grein fyrir því.

Framleiðni er skilgreind sem magn eða verðmæti framleiðslu að tiltölu við magn eða verðmæti þeirra framleiðsluþátta eða aðfanga sem notuð eru við framleiðsluna.

Framleiðnistig er mælikvarði á nýtingu allra framleiðsluþátta og er skilgreint sem framleiðslumagn deilt með aðföngum, en með aðföngum er átt við einn eða fleiri af framleiðsluþáttunum, vinnuafli, fjármagn, hráefni, orku o. s. frv. Þannig má t. d. auka framleiðni með því að bæta hráefnisnýtingu eða með því að nýta fjármagn á arðbærari hátt en áður var gert. Framleiðni vinnuaflsins er framleiðslumagn deilt með fjölda starfsmanna. Það er sá mælikvarði á framleiðni sem algengastur er.


Framleiðnistig iðnaðarþjóða heimsins er mjög mismunandi. Á mynd 1 er sýnt hver framleiðni ellefu þjóða var árið 1976 og er miðað við að framleiðni á Íslandi hafi verið 100 það ár. Þar sést að framleiðni var svipuð á Íslandi og í Bretlandi, en framleiðni í þessum löndum er helmingi minni en framleiðni í Bandaríkjunum. Það er þó ekki nóg með að framleiðni sé lítil hér á landi heldur hefur framleiðniþróunin verið hæg á undanförunum árum. Á mynd 2 er sýnt hver framleiðniþróunin var í níu ríkjum auk Íslands á árunum 1960—1975. Þar kemur í ljós að framleiðniþróun var langörust í Japan. Svíþjóð, Ítalía, Danmörk, V-Pýskaland og Frakkland juku framleiðni sína mun örar en Ísland, en hér á landi var þróunin svipuð og í Bandaríkjunum, Kanada og Bretlandi. Það er eðlilegt að framleiðni aukist hægar þar sem hún er mest því að mun auðveldara er að auka framleiðnina á meðan framleiðnistigið er lágt. Framleiðniþróun í Bandaríkjunum og Kanada kemur því ekki á óvart, en hátt framleiðnistig er hvorki afsökun hægrar framleiðniþróunar á Bretlandi né hér á landi.

Á mynd 3 er sýnd framleiðniþróun vinnuafls í iðnaði hér á landi á tímabilinu frá 1974 til 1982. Á myndinni kemur í ljós að framleiðni hefur aukist að meðaltali úr 89,2 á árinu 1974 í 104,6 á árinu 1982. Þetta samsvarar u. þ. b. 2% framleiðniaukningu á ári og er það svipað og árleg framleiðniaukning í Bretlandi á sama tíma. Talið er að framleiðniaukning vinnuafls í Japan, Frakklandi, V-Pýskalandi og Belgíu hafi verið um 4% að meðaltali á ári á þessu tímabili, en um 1% í Bandaríkjunum og Kanada. Þetta bendir til að framleiðnistig á Íslandi hafi síður en svo hækkað í samanburði við aðrar þjóðir frá því sem var á árinu 1976 og kemur fram á mynd 1.


Á undanförunum árum hefur öðru hvoru verið efnt til sérstakra hagræðingar- og markaðsátaka í einstökum greinum iðnaðar á vegum samtaka og stofnana iðnaðarins. Hefur oft tekist vel í þeim verkefnum og verulegur árangur náðst og má af því ráða hvers árangurs er að vænta af samstilltu átaki í þessu efni. Þá er sérlega rannsóknarvert hve framleiðni er misjöfn milli einstakra starfsgreina í íslensku atvinnulífi.

Á síðari árum hafa augu manna beinst að þeim mikla árangri sem nokkur lönd í SA-Asíu hafa náð í framleiðniþróun og hagvexti og hafa mörg ríki á Vesturlöndum reynt að kynna sér aðferðir þeirra.

Mynd 1. Framleiðnistig 12 þjóða árið 1976



Mynd 2. Framleiðniþróun 10 þjóða 1960—1975



Mynd 3. Framleiðni vinnuafis í iðnaði á Íslandi.
1980 = 100

Atvinnu- greinanúmer	1974	1975	1976	1977	1978	1979	1980	1981	1982
31	103,2	103,1	106,8	113,2	108,9	104,0	100,0	92,2	93,5
32	75,8	88,4	98,8	95,5	91,5	94,3	100,0	95,6	102,3
33	73,9	60,6	65,5	77,5	92,9	94,7	100,0	114,8	132,6
34	78,2	78,7	89,3	100,4	95,2	96,1	100,0	105,8	115,6
35	113,6	104,5	96,2	103,9	101,7	93,1	100,0	94,3	95,4
36	106,8	93,0	91,3	93,2	82,8	84,1	100,0	86,2	85,5
37	117,9	95,0	92,5	109,4	113,1	100,9	100,0	98,8	103,0
38	69,9	70,3	89,6	92,0	96,2	94,6	100,0	99,4	102,5
39	72,7	80,2	129,6	145,9	139,6	128,5	100,0	96,0	99,4
31-39	89,2	85,1	93,3	98,3	98,1	97,8	100,0	99,2	104,6

Í janúar á þessu ári (1984) fór hópur Íslendinga í kynnisferð til Singapore, Hong Kong og Japans á vegum Iðntæknistofnunar Íslands. Markmið ferðarinnar var að kynna aðferðum sem þessar þjóðir hafa beitt til að viðhalda stöðugum og örum hagvexti og þjóðfélagsumbótum. Í skýrslu, sem hópurinn tók saman að ferðinni lokinni og Iðntæknistofnun Íslands birti, er sagt frá helstu atriðum sem hópurinn taldi athyglisverð og hafa mætti til hliðsjónar þegar rætt er um leiðir til eflingar íslensks atvinnulífs. Eru niðurstöður hópsins birtar sem fylgiskjal með greinargerð þessari.

Í hugleiðingum dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs ríkisins um ferð þessa ræðir hann um það hvort Íslendingar gætu dregið lærdóm af vinnubrögðum Singapore-manna og Japana í efnahagsþróun. Telur hann það vera háð því hvort Íslendingar gætu breytt viðhorfum sínum í veigamiklum atriðum og tileinkað sér ný. Þær viðhorfsbreytingar felist í aukinni samstöðu milli samtaka vinnumarkaðarins og stjórnvalda, aukinni áherslu á framleiðni og framleiðslu og aukinni áherslu á mannlega þætti stjórnunar. Í þessu skyni stingur Vilhjálmur m. a. upp á því að stofnuð verði framleiðnimíðstöð atvinnuveganna með aðild launþega, atvinnurekenda og ríkisvalds til að stýra áróðri og aðgerðum til að auka framleiðni íslenskra fyrirtækja í öllum helstu atvinnuvegum. Framleiðnimíðstöð þessi starfi í nánnum tengslum við rannsóknastofnanir atvinnuveganna, sérstaklega Iðntæknistofnun Íslands, sem hefur yfir að ráða nokkurri sérþekkingu á þessu sviði. Stuðst verði við innlenda og erlenda ráðgjafa og stofnanir er veitt geti nauðsynlega aðstoð í þessu efni.

Í starfs- og fjárhagsáætlun Iðntæknistofnunar Íslands fyrir árið 1985 er gerð tillaga um að stofnunin gangist fyrir átaki til að auka framleiðni í iðnaði og höfð verði um það nán samvinna við samtök atvinnurekenda og launþega í iðnaði. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985, sem nú liggur fyrir þingi, er gert ráð fyrir 5 m. kr. fjárveitingu til þessa verkefnis.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar þingsályktunartillögu að áttak til að auka framleiðni íslenskra atvinnuvega, þar sem höfð verði hliðsjón af reynslu áðurgreindra þjóða, gæti reynst árangursrík leið til að skapa þjóðarsamstöðu um að koma að nýju á hagvexti hér á landi og stuðla að jafnvægi í efnahagsmálum. Jafnframt gæti slíkt sameiginlegt áttak skapað nýjar forsendur fyrir samskiptum aðila vinnumarkaðarins. Þó að nefndir hafi verið hér

Japanir og Singapore-menn er engan veginn ætlunin að taka eingöngu mið af reynslu þessara þjóða.

Eins og fram kemur í áðurgreindum frásögnum er hin þríhliða samvinna ríkisvalds og aðila vinnumarkaðarins undirstöðuatriði þess að árangur náist og í upphafi þarf að setja mjög vandaðar leikreglur um það hvernig skipta eigi ávinningi af aukinni framleiðni og bregðast við afleiðingum, t. d. röskun á störfum og högum fólks sem óhjákvæmilega verða vegna breytinga á tækni og vinnuaðferðum sem eru forsenda framleiðniaukningar.

Það er skoðun flutningsmanna að framleiðniátak þetta þurfi að ná til allra höfuðatvinnuvega landsmanna en ekki einskorðast við einstakar atvinnugreinar. Því er gert ráð fyrir að ríkisstjórnin í heild, eða forsætisráðherra fyrir hennar hönd, hafi frumkvæðið um að skipa stjórnarnefnd til að stýra framkvæmd átaksins. Lagt er til að sú nefnd verði skipuð þrem fulltrúum samtaka vinnuveitenda og þrem fulltrúum samtaka launþega, ásamt þrem fulltrúum ríkisvaldsins. Annað form á skipun stjórnarnefndar kæmi til álita ef henta þætti, enda væri þá tryggt jafnræði milli aðila í þeim anda að hér væri um þjóðaráttak að ræða sem byggðist á samstöðu þessara aðila.

Fylgiskjal.

Helstu niðurstöður SA-Asíuferðar á vegum Iðntæknistofnunar Íslands. Í janúar 1984.

Á síðustu 20—30 árum hafa Singapore-menn og íbúðar Hong Kong þróast af stigi almennrar örbirgðar upp á stig tiltölulega mikillar velmegunar, en Japanar úr rústum styrjaldar í hóp efnuðustu og tæknivæddustu þjóða heims. Sérstaklega er athyglisvert að þessum þjóðum, sem er það öllum sameiginlegt að eiga nánast engar náttúruauðlindir að byggja á, hefur tekist að halda nokkurn veginn stöðugum hagvexti og atvinnu þrátt fyrir sviptingar og samdrátt í alþjóðaviðskiptum á undanförunum árum. Vöxtur þjóðarframleiðslu í Singapore var að meðaltali 9,3% á föstu verðlagi allt tímabilið, 1969—1982, en í Japan var vöxtur þjóðartekna að meðaltali 4,8% yfir tímabilið 1971—1981. Atvinnuleysi hefur verið innan við 3% í öllum þessum ríkjum síðari árin og verðbólga mjög lítil.

Athyglisvert er að þjóðir, sem í lok síðari heimsstyrjaldar stóðu á fremur lágu almennu þekkingar- og menntunarstigi á vestrænan mælikvarða, skuli hafa náð svo góðum tókum á tækniþekkingu og vísindum samtímans sem raun ber vitni. Getu þær nú hagnýtt sér þá þekkingu til aukinnar verðmætasköpunar. Þótt þessar þjóðir eigi margt sameiginlegt eru þær jafnframt mjög ólíkar. Í Japan er fólki þjóðhollusta í blóð borin og tryggð fólks við atvinnurekanda sinn og þjóðarheildina er með eindæmum. Í Singapore hafa stjórnvöld gert tilraun til að sameina fólk af mismunandi þjóðerni undir einu merki og fer þjóðhollusta vaxandi þar. Í Hong Kong er einstaklingshyggjan hins vegar allsráðandi og þjóðernisvitund íbúanna hverfandi.

Samkeppni er sterkur þáttur efnahagsstefnunnar í þessum löndum, bæði milli fyrirtækja innanlands og ekki síður á alþjóðavettvangi. Samkeppnisandinn hefur náð að laða fram aukið frumkvæði, aukna sköpunargáfu og aukið áræði. Samkeppnin hefur þó ekki komið í veg fyrir hópvinnu og samstarf atvinnurekenda og launþega í þessum löndum. Á tímum hátækniíðnaðar skipta samskipti manna mjög miklu máli. Í fyrirtækjum er náið samráð milli starfsmanna og stjórnenda, á landsvísu þríhliða samráð ríkisvalds, verkalýðsfélaga og samtaka atvinnurekenda. Í þessum löndum hefur blómlegt atvinnulíf verið byggt upp með samvinnu ýmissa þjóðfélagshópa. Andi samvinnu hefur ríkt bæði í fyrirtækjum og í almennum samskiptum ríkisvalds, launþega og atvinnurekenda. Segja má að þrjú hugtök, samkeppni, samráð og samvinna, hafi mjög tengst efnahagsþróuninni í þessum löndum, en þó sérstaklega í Singapore og Japan. Þau hafa í raun verið grunnurinn að blómlegu atvinnulífi og hraðri aukningu lífsgæða, bæði í Japan og Singapore.

Niðurstaða hópsins er að þau lönd, sem heimsótt voru og bestum árangri hafa náð, bæði Singapore og Japan, hafi gert það með stjórnunaraðferðum sem í stuttu máli má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Viðfangsefni þjóðfélagsins eru vel skilgreind á hverjum tíma og sett fram í formi skýrra þjóðfélagsmarkmiða eða þjóðfélagssýnar sem endurspeglast í aðgerðum stjórnvalda.
2. Kappkostað er að ná samstöðu meðal þjóðarinnar um þessi markmið, og endurspegla markmið fyrirtækja jafnvel þjóðfélagsmarkmiðin.
3. Mikil áhersla er lögð á samráð og samvinnu stjórnenda og starfsmanna um aðgerðir að settum markmiðum og hvers kyns endurbótum í fyrirtækjum. Jafnframt hefur mikil áhersla verið lögð á vörubrúun í samræmi við markaðsþarfir.
4. Frjáls samkeppni og verðmyndun á grundvelli einkarekstrar í atvinnulífi er talið grundvallaratriði fyrir heilbriggt atvinnulíf.
5. Framleiðnihreyfingin er í senn drifkraftur og stýritæki efnahagsframfara. Efnahagsstefna stjórnvalda og stefna í kjaramálum ráðast af þróun framleiðninnar í þjóðfélaginu. Náð samráð er með stjórnvöldum, launþegum og atvinnurekendum í þessu efni.
6. Í flestum fyrirtækjum eru starfandi verkalyðsfélög sem ná til allra starfsmanna viðkomandi fyrirtækja. Kjör starfsmanna eru að einhverju leyti tengd afkomu fyrirtækisins og leiðir það til þess að bæði stjórnendur og starfsmenn leggja höfuðáherslu á að auka afrakstur fyrirtækisins á grundvelli sameiginlegra hagsmuna og sanngjarnrar skiptingar hans.
7. Japanskar stjórnunaraðferðir, sem í raun eru byggðar á vestrænum hugmyndum, eru snar þáttur efnahagsárangurs þessara þjóða. Kjarni þessara aðferða er áhersla á samráð og samvinnu stjórnenda og starfsmanna. Gæðahringar, eða starf smáhópa, hafa verið öflug tæki til að stuðla að framförum innan fyrirtækjanna.
8. Mikilvægur þáttur efnahagsþróunar í þessum löndum er innflutningur á tækni frá öðrum löndum. Hún er síðan aðhæfð og nýtt til frekari þróunar eftir því sem reynsla fæst.
9. Menntakerfið er lagað að þörfum atvinnulífsins og býr fólk undir líf og starf í þjóðfélagi þar sem breytingar eru örar. Mikil áhersla er lögð á þetta atriði bæði í Singapore og Japan, þótt staðið sé að því með mismunandi hætti í þessum löndum.

Þátttakendur í ferð Iðntæknistofnunar hafa hugleitt hvaða ályktanir megi draga af þessu með íslenskar aðstæður í huga. Þjóðfélagsaðstæður eru á margan hátt öðruvísi hér á landi en í þessum löndum en samt ætti að vera unnt að flytja reynslu þessara þjóða hingað með nokkrum breytingum. Að mati hópsins eru ýmis atriði sem ekki virðist fjarlæggt að nýta við íslenskar aðstæður og ættu að geta leitt til eflingar íslensks atvinnulífs.

Ljóst er að athugun eins hóps kann að gefa takmarkaða sýn og niðurstöðum hans að vera tekið með fyrirvara ef fleiri fá ekki hliðstæða reynslu. Hópurinn telur því æskilegt að fleiri Íslendingar úr hópi launþega, atvinnurekenda og skólamanna úr fjölmíðlun, stjórnámálum og opinberri stjórnsýslu fari í ferð til þessara landa og kynnist af eigin raun þeim hugsunarhætti og vinnubrögðum sem hér hefur verið sagt frá.